

Samþykktir fyrir félagið Auður Austurlands

1 grein

Nafn og varnarþing

Félagið heitir **Auður Austurlands**. Heimili þess og varnarþing er hjá Austurbrú, Tjarnarbraut 39e, 700 Egilsstaðir. Starfssvæði félagsins er Austurland.

2 grein

Tilgangur

Félagið styður við hugmyndafræði Austurlandsstjórnunnar um afurðir og hráefni frá Austurlandi. Markmið og tilgangur er m.a.:

- Að vera faglegur samstarfsvettangur út frá markmiðum Austurlandsstjórnunnar.
- Að stuðla að fræðslu og nýsköpun varðandi hráefni og afurðir frá Austurlandi.
- Að hvetja til viðburða og lífandi samtals um afurðir og hráefni frá Austurlandi.
- Auka sýnileika afurða og hráefnis frá Austurlandi og jákvæða ímynd Austurlands.

3 grein

Hvernig ná skal tilgangi

- Tilgangi verður náð með því að vera í öflugu samtali og samstarfi við Markaðsteymi Austurbrúar sem vinnur að markaðssetningu fjórðungsins og önnur félög, stofnanir og fyrirtæki sem hafa sama markmið.
- Unnið verður með grasrótinni, íbúum, fyrirtækjum og stofnunum á Austurlandi sem vinna með hráefni og afurðir úr fjórðungnum.
- Könnuð verður þörf fyrir fræðslu varðandi nýtingu hráefnis frá Austurlandi og verða sett upp námskeið, kynningar og annað sem áhugi er fyrir. Þá mun félagið hvetja til nýsköpunar og að haldnir verði viðburðir þar sem hráefni og afurðir frá Austurlandi gegna lykilhlutverki og styðja við framkvæmd þeirra.
- Stutt verður við sýnileika Austurlandsstjórnunnar varðandi afurðir frá Austurlandi og jákvæð ímynd Austurlands efl.

4 grein

Félagar

Öll sem áhuga hafa á afurðum og hráefni frá Austurlandi, geta verið félagar sem starfa og vinna að markmiðum og hlutverki samkvæmt 2. gr. laganna. Tekjur félagsins byggjast á frjálsum framlögum félagsmanna eða annarra, fjáröflunum, styrkjum og fjárveitingum. Enginn félagsmaður á tilkall til hluta af sjóðum samtakanna eða öðrum eignum þeirra, þó að hann hverfi úr samtökunum eða samtökunum verði slitið.

5 grein

Fundir

Stjórn skal halda fundi eins oft og þurfa þykir, að lágmarki þrisvar sinnum á ári. Opinn félagsfund skal halda einu sinni á ári og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara.

Dagskrá félagsfundar:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar lögð fram
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Lagabreytingar
- Kosning stjórnar
- Kosning tveggja skoðunarmanna
- Önnur mál

6 grein

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð 5 einstaklingum, formanni og 4 meðstjórnendum, kjörnum á opnum félagsfundi til tveggja ára. Þegar skipt er um stjórn skulu að lágmarki 2 úr fyrri stjórn sitja áfram í eitt ár hið minnsta. Einnig er heimilt að kjósa allt að 3 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar. Rita skal fundargerðir á fundum

7 grein

Reikningsár

Reikningsár samtakanna er almanaksárið og skulu reikningar lagðir fram á opnum félagsfundi, endurskoðaðir og undirritaðir af stjórn og rekstrarhagnaði skal varið í samræmi við tilgang félagsins.

8 grein

Breytingar á samþykktum

Samþykktum þessum má aðeins breyta á opnum félagsfundi samtakanna og þarf til þess einfaldan meirihluta fundarmanna.

9 grein

Slit á félagi

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á opnum félagsfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til Austurlandsstjórnuverkefnisins hjá Austurbrú ses., kt. 640512-0160, sem ákveðin verða á slitafundi.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi Austfirskra krása, sem framvegis mun bera nafnið Auður Austurlands.

Austurlandi, 20. mars 2024

Nöfn og kt. stjórnar

Auður Vala Gunnarsdóttir
020171-3839

Sveinn Margeirsson
140378-5699

Oddný Anna Björnsdóttir
160474-2979

Ann-Marie Schlutz
060883-3279

Bryndís Fiona Ford
251278-5049